

Samþykktir

1.gr.

Félagið heitir **XXX**. Félagið starfar samkvæmt lögum nr. 119/2019 um félög til almannaheilla sem starfa yfir landamæri.

2. gr.

Tilgangur og markmið félagsins er... **(hér þarf að lýsa tilgangi félagsins. Athugið að tilgangur félaga skiptir meginmáli um alla starfsemi félagsins og því nauðsynlegt að tilgreining hans sé nægilega skýr og lýsandi fyrir þá starfsemi sem félaginu er ætlað.**

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að... **(hér þarf að koma lýsing á því hvernig félagið hyggst ná markmiðum sínum).**

4. gr.

Félagsaðild. **(Hér þarf að koma fram hverjir hafa rétt á að ganga í félagið og hvort takmarkanir eru á inngöngu í félagið. Athugið að ekki er hægt að hafa skylduáðild að félagasamtökum).**

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Til almennra félagsfunda skal boða með sama hætti og aðalfundar. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðanda, skoðunarmanna eða trúnaðarmanna
8. Önnur mál

7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3-8 mönnum, formanni og 2 – 7 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig skal kjósa 1-8 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

8.gr.

Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn úr hópi félagsmanna. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hver starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna, félagsmanna eða starfsmanna félagsins. Trúnaðarmenn sem kosnir eru úr hópi félagsmanna mega ekki sitja í stjórn félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það.

9.gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda, skoðunarmann eða trúnaðarmann eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund

10.gr.

Félagsgjöld. ***Hér þarf að taka fram ef félagsmenn greiða félagsgjöld eða önnur gjöld til félagsins***

11. gr.

Slit félags. ***Hér þarf að taka fram hvernig ákvörðun um slit verði tekin og hvernig fari með eignir félagsins sé það lagt niður eða því slitið.***

12.gr.

Þar sem ákvæði þessa samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um félög til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Lög þessi voru samþykkt á ***stofnfundi / aðalfundi (velja annað hvort)***

Dagsetning: ***dd.mm.áááá.***

Undirritanir (a.m.k. meirihluti stjórnar eða prókúruhafi).